

Febrúar- og marsfréttir 2023

Á starfsdegi í janúar hófst vinna við endurritun námskrár leikskólans. Við fórum í skemmtilega hópavinnu og rýndum í einkunnarorð leikskólans sem sett voru fram fyrir næstum 15 árum, leikur -öryggi-umhyggja. Niðurstaða hópavinnunnar var að við sameinuðust um ný einkunnarorð Undralands: VIRÐING – LEIKUR - VINÁTTA

Deigi leikskólans þann 6. febrúar var fagnað með ljósmyndasýningunni Heimur barnsins í gengum linsuna. Öll börn leikskólans tóku mynd af því sem þeim þótti spennandi og afraksturinn var hengdur upp í Sunnumörk og mun standa út næstu viku.

Útivera hefur ekki getað verið eins mikil og við myndum kjósa því veður er erfitt hér austast og yst í bænum. Við grípum hvert tækifæri sem gefst og með hækkanði sól eykst útiveran með hverri vikunni. Því er nauðsynlegt að vera með fjölbreyttan og skjólgóðan fatnað fyrir börnin.

Hópastarf gengur sinn vanagang með áherslu á LAL, Lubba og Vináttu og þemavinnu, allt eftir aldri og þroska á viðkomandi deildum.



Foreldraverkefni LAL hafa legið niðri en vilji er til að endurvekja þau. Planið er að hafa þau 1x í viku og verður það auglýst síðar.

Vegna umræðu um afmæli leikskólabarna er tekið fram að afmæli utan leikskólans eru alfarið í höndum foreldra og hægt er að nálgast tengiliðaupplýsingar á deildum. Ekki er heimilt að dreifa boðsbréfum í fatahólf barnanna

Við höldum í hefðir og menningu og buðum í bóndadagskaffi 20. janúar. Við breyttum tímasetningu í síðdegiskaffi frá 14:30-15:30 í stað morgunkaffis. Ástæðan var að yngri börnin eiga svo erfiða daga þegar kaffið er að morgni. Við endurtökum leikinn í tilfærni konudags og bjóðum mömmum, ömmum, systur, frænkum eða öðrum aðstandendum í kaffi föstudaginn fyrir konudag þann 17. febrúar milli 14:30 og 15:30

ATH.

Leikskólinn er hnetulaus vegna bráðaofnæmis starfsmanns!

Framundan

- ★ 17. feb: Konudagskaffi: kl 14:30-15:30
- ★ 22. feb: Öskudagur: gerum okkur glaðan dag og allir mega mæta í náttfötum eða búningum -ÁN AUKAHLUTA- Nánar auglýst síðar
- ★ 24. feb: Starfsmannafundur: leikskólinn lokar kl 14
- ★ 15. mars: Starfsdagur: leikskólinn lokaður
- ★ 21. mars: Ruglusokkadagur: við fögnum fjölbreytileikanum á aðþjóðlegum degi Downs og mætum í ósamstæðum sokkum
- ★ 31. mars Blár Dagur: dagur einhverfu á bláan lit. Gaman ef við klæðumst eða berum bláan lit í dag.

Starfsmannabreytingar

Signý Ólöf og Thelma Raketu hættu um áramót og fóru í skóla. Við þökkum þeim samstarfið <3 Nýtt fólk hjá okkur síðustu vikur eru Guðfinna Ýr tímabundinn deildarstjóri á Öskju, Halla Ólafsdóttir leikskólasérkennari á Laka, Hanna Tara í afleysingum, Kolbrún Lísá á Snæfelli og Lísbet Ása og Sóley Ásta á Eldgjá. Við bjóðum þær velkomnar og hlökkum til að vinna með þeim.

Við biðjum ykkur að drepa á bílunum á meðan farið og komið er með börnin í leikskólann. Bíll í gangi mengar og útblásturinn er í barnanna hæð og smýgur inn um opna glugga deilda.

Við höfum fengið ábendingar um að börn séu ekki í viðeigandi öryggisbúnaði í bílunum og minnum á að samkvæmt lögum er það skylda sé verið með börn í bíl.

Foreldraviðtöl eru framundan og senda deildarstjórar tölvupóst til að auglýsa þau og skráningu.

Foreldrakönnun verður send út í mars og biðjum við alla að gefa sér smá stund til að svara. Könnunin er liður í innra mati leikskólans og mikilvægt að fá fram sjónarmið foreldra.

Minum á að gangurinn á milli álma er ekki ætlaður öðrum en starfsmönnum en þegar illa viðrar bjóðum við ykkur að nota hann Ástæðan er að þar er mikið af trúnaðargögnum og svæðum sem geta verið varasöm

Sumarlokun

Leikskólinn verður lokaður vegna sumarleyfa frá og með 6. júlí - 9. ágúst

Bestu kveðjur, leikskólastjóri og starfsfólk